



Reykjavík, 15. febrúar 2010
IE10020009

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Greinargerð: Afstemmingar lánardrottna A-hluta

Við endurskoðun ársreiknings 2008 bentu ytri endurskoðendur á nokkra þætti í innra eftirliti hjá Reykjavíkurborg þar sem úrbóta væri þörf. Þessar ábendingar lutu m.a. að því að afstemmingar lánardrottna hefðu ekki verið reglulegar og ekki nægilega vandaðar. Enn fremur hafi skort á eftirfylgni með þeim færslum sem út af standi. Sambærilegar athugasemdir hafa áður verið settar fram í tengslum við endurskoðun ársreikninga borgarinnar.

Unnið hefur verið að margvíslegum umbótum hjá Reykjavíkurborg á grundvelli athugasemda í endurskoðunarskýrslum ytri endurskoðenda. M.a. hefur verið unnið að úrbótum á afstemmingum lánardrottna. Innri endurskoðun hefur farið yfir stöðu þeirrar vinnu eins og nánar verður gerð grein fyrir.

Byggt er á bæði munnlegum og skriflegum upplýsingum (bréf og fylgiskjöl dags. 26. nóv. 2009) frá (FMS). Enn fremur er stuðst við vinnugögn frá ytri endurskoðendum frá ársuppgjöri 2008 (debetstöður á lánardrottum sem aflað var skýringar á). Kannað er m.a. hvort fylgt hefur verið eftir þeim skýringum/athugasemdum sem gerðar voru varðandi debetstöður við ársuppgjör 2008.

Í umfjöllun þessari verður því lýst sem FMS hefur hingað til gert til þess að mæta þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið af hálfu ytri endurskoðenda varðandi afstemmingar lánardrottna. Síðan verður farið yfir þá þætti sem IE fannst tilefni til að rýna nánar og leitast við að meta stöðu afstemmingarvinnunnar.

Samantekt og niðurstöður

Hjá Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar (FMS) hefur verið unnið markvisst að því að koma afstemmingum í gott horf og mikið hefur áunnist frá því fyrir ári síðan. Að mati Innri endurskoðunar (IE) hefur náðst góður árangur í því að ná utan um afstemmingar lánardrottna. Sést það m.a. á því að rúmlega 71% lánardrottna Aðalsjóðs ganga út um áramótin 2009/2010 sbr. niðurstöður afstemmingarskýrslu sem gerð er grein fyrir í rýningu IE hér á eftir. Enn fremur á því að einungis 69 lánardrottnar af 623 með kreditmismun eru að baki 80% af heildarmismunarfjárhæð sem þarfnast nánari skoðunar, auk 106 aðila sem eru með debetmismun. Vel er gerlegt að yfirfara þessa aðila í tengslum við uppgjörsvinnu í árslok og finna skýringar og/eða færa út mismun. Allt bendir því til að afstemmingar á lánardrottum verði í góðu horfi um áramótin 2009/2010. Ennþá eru þó ýmis tækifæri til úrbóta:

- Bæta mætti eftirfylgni með afstemmingum á birgjum með mismun. Þörf er á að setja niður verklag um eftirfylgni eins og rakið er hér á eftir. Verkferill afstemminga gerir ráð fyrir að ef skilað er inn afstemmingu þar sem út af standa

einhverjir reikningar þurfi að láta verkefnisstjóra vita þannig að hann geti fylgt málinu eftir. Þörf virðist á viðmiði um með hvaða hætti eftirfylgni skuli vera.

- Verklag sem verið hefur í þróun varðandi „sjálfvirkar“ afstemmingar birgja lofar góðu og er til þess fallið að létta afstemmingarvinnu framvegis.
- Eftirfylgni gagnvart birgjum með núllstöðu þ.e. þeim sem hafa núllstöðu í „sjálfvirkum afstemmingum“ er einnig mikilvægt að setja verklag um. Afla þarf staðfestingar á því að allir reikningar hafi borist t.d. með því að taka úrtak úr núllbirgjum og senda yfirlit hreyfinga til viðkomandi birgja til staðfestingar.
- Mikilvægt er að ljúka gömlum málum og semja um gamla mismuni. Einnig þarf að huga að breyttu vinnulagi þeirra sem skrifa út reikninga milli borgarstofnana þegar kennitölum hefur verið lokað. Á fundi með deildarstjóra bókhalds og verkefnisstjóra 20. janúar 2010 kom fram að fyrir lægi formlegt samþykki til að loka kennitölum hjá Reykjavíkurborg. Huga þarf vel að þessu varðandi útskrift reikninga í milliviðskiptum til að auðvelda afstemmingar.
- Endurbóta er þörf á flokkun birgja til að auðvelda afstemmingar og eftirfylgni. Huga þarf að viðhaldi birgjaskrár, m.a. þarf að meta hvort birgjar eru í réttum flokkum. Ákveðnir hópar Agresso-notenda hafa heimild til að viðhalda ógreiddum reikningum í viðskiptaskuldum; gjaldkerar, hópstjórar í bókhaldi, bókarar, lánakerfishópur og sérfræðingar með sérstakan aðgang. Þörf er á að skjalfesta verklag um viðhald birgjaskrár. Einnig er þörf á að hafa skýrt verklag þegar birgi er stofnaður, þar sem allir bókarar hafa heimild til að stofna birgja.

1. Umbótavinna FMS og þróun á verklagi

Haustið 2008 og fyrri hluta árs 2009 vann Fjármálaskrifstofa áhættumat á starfsemi sinni undir leiðsögn Innri endurskoðunar. Markmið vinnunnar var að skilgreina þá áhættuþætti sem hefðu áhrif á getu skrifstofunnar til að ná markmiðum sínum og að skilgreina viðbrögð við áhættu. Enn fremur voru umbótaverkefni skilgreind sem stuðla að því að FMS nái settum markmiðum. Eitt mikilvægasta verkefnið sem spratt upp úr þessari vinnu var umbótaverkefnið **Afstemmingar lánardrottna** sem markvisst hefur verið unnið að síðan. Sérstakur verkefnisstjóri hefur stýrt verkefninu. Fjölmörg önnur umbótaverkefni tengdust enn fremur þessu verkefni og voru raunar forsenda þess að grundvöllur væri fyrir afstemmingarvinnunni. Nauðsynlegt var að fara í ákveðna „tiltekt“, s.s. fækkun kennitalna, og meiri ögun í meðferð reikninga og innkaupakorta og allar vinnureglur almennt hertar.

Það sem einkum skapaði erfiðleika:

- margar kennitölur eru í gangi hjá stofnunum borgarinnar
- margir bankareikningar í notkun og sumir óafstemmdir til margra ára
- mikill fjöldi innkaupakorta og veikar agareglur voru um notkun þeirra
- reikningar fóru hægt í gegnum samþykktarferli hjá borginni.
- reikningar vildu týnast á leiðinni í kerfinu því að þeir voru ýmist sendir til Fjármálaskrifstofu eða til stofnana borgarinnar
- afstemmingum á birgjum hafði ekki verið sinnt lengi.

Við þessu var brugðist með skilgreindum átaksverkefnum sem þurfti að ljúka áður en hægt var að bæta gæði afstemminga.

Dæmi um önnur umbótaverkefni sem unnið hefur verið að:

- Afstemming innkaupakorta og styrking verklags þeim tengd.
- Auknar kröfur um rýningu reikninga og aukið kostnaðareftirlit.
 - Fyrirmæli til sviðsstjóra um aðgerðir til að efla ráðdeild og eftirlit
 - Bréf til birgja um vinnureglur við afgreiðslu reikninga hjá Reykjavíkurborg.
 - Fyrirmæli um aðgerðir til að efla ráðdeild og eftirlit: Meðferð reikninga.
- Yfirferð og skjalfesting vinnuferla.
 - SPAN-reikningar – umbótaþópur fjallaði um rafræna reikninga.
 - Readsoft-reikningar frá stærstu birgjum staðlaðir og lesnir inn rafrænt.
 - Meðhöndlun innheimtubréfa.
 - Fækkun kennitalna og bankareikninga.
 - Vinnulag varðandi launamiða/verktakamiða.
 - Vinnuhópur um notkun bókhaldslykla.
- Afstemmingar bankareikninga, sjóða og lykla.
- Virðisaukaskattsmál – samtímaeftirlit og námskeið fyrir bókara.

Stefnt er að því að nánast öll viðskipti borgarinnar fari í gegnum eina kennitölu¹ Í október í fyrra var sent út bréf til birgja þar sem hnykket var á þessu og útskýrðar vinnureglur varðandi afgreiðslu reikninga hjá borginni.

Það sem hefur valdið erfiðleikum er m.a. að margar kennitölur hafa verið í gangi, sérstaklega hefur Menntasvið verið erfitt hvað þetta varðar þ.e. grunnskólarnir nota gjarnan eigin kennitölu í staðinn fyrir kennitölu Reykjavíkurborgar. Því getur þurft að fá yfirlit frá sama birgja yfir margar kennitölur til að ná utan um viðskipti við borgina. Dæmi er um allt að 157 kennitölur hjá sama fyrirtækinu vegna viðskipta við Reykjavíkurborg. Í Agresso er allt skráð á sömu kennitölu: 530269–7609. Nú virðast flest fyrirtæki í tiltekt og að rukka inn gamlar skuldir og þá hafa oft komið í ljós skuldir á ýmsum kennitölum sem ekki var vitað um sem hefur hjálpað til við umbætur. Þann 1. júlí 2009 voru samþykktar verklagsreglur um beiðnir vegna innkaupa og stefnt er að aukinni samvinnu við Innkaupaskrifstofu.

Afstemming og flokkun lánardrottna/birgja

Vinnan við að ná utan um afstemmingar lánardrottna hófst á árinu 2008 í miðlægu bókhaldi. Nokkrir starfsmenn (3–4) í bókhaldinu hafa unnið að afstemmingum lánardrottna en einnig hafa sérfræðingar úr uppgjörsteymi komið að vinnunni og lokið er afstemmingum á um 650 birgjum. Verkferill afstemminga lánardrottna hefur verið skjalfestur. Verkferillinn gerir ráð fyrir að ef skilað er inn afstemmingu þar sem út af standa einhverjir reikningar þá þurfi að láta verkefnisstjóra vita svo að hann geti fylgt málinu eftir.

FMS byrjaði á því að taka saman lista yfir stærstu birgjana og þá sem eru með flesta reikninga (mest flækjustig) og flokkaði þá svo nánar til frekari forgangsróðunar. Leitast var við að meta hvaða birgja þarf að stemma af reglubundið. Núna er ákveðinn fjöldi birgja sem metinn er þannig að stemma þurfi þá af nokkrum sinnum á ári. Í Agresso er tilbúin fyrirspurn þar sem hægt er að kalla fram viðskipti við stærstu birgjana. Kallað hefur verið eftir upplýsingum um útistandandi reikninga og stöðu frá þeim birgjum sem stemma á af. Síðan eru upplýsingarnar bornar saman við stöðu í Agresso. Birgjar hafa verið heimsóttir og farið yfir málin með þeim þegar á þarf að halda.

¹ Undantekning er Framkvæmda- og eignasvið sem er og verður með sína eigin kennitölu. Einnig eru hjúkrunarheimili Velferðarsviðs með sína eigin kennitölu og færa sitt bókhald sjálf.

² Vinnuskjalið frá FMS.

³ Ekki er til skilgreining á því hvað teljist virkur birgi, en t.d. mætti skilgreina virkan birgja sem þann sem hreyfingar hafa verið á sl. tvö ár.

⁴ *Athugasemd FMS:* „Varðandi flokkun birgja höfum við ekki verið að einblína á það mál í þessum áfanga heldur að koma afstemmingum í heild af stað en höfum velt fyrir okkur frekari skiptingu eins og nefnd er í

Vinnulag gagnvart öðrum aðilum, t.d. þeim sem fá regluleg framlög og styrki sem samþykkt eru í borgarráði o.fl., er á þá leið að stillt hefur verið upp afstemningu og sent viðkomandi birgja til staðfestingar. Komi fram athugasemdir er unnið úr þeim.

Eins og fram hefur komið er búið að lista upp 650 helstu lánardrottna og vinnu við afstemmingu þeirra er þessa dagana um það bil að ljúka (sjá vinnuskjal FMS „greining lánardrottna“). Enn fremur hefur verið útbúinn listi yfir þá birgja sem verða stemmdir af reglubundið innan ársins (sjá skjalið *greining lánardrottna*², flipinn *birgjar sem á að yfirfara*). Þetta eru um 270 birgjar hjá borginni í heild. Hjá Aðalsjóði eru þetta 154 birgjar skv. vinnuskjali. Verklag á yfirferð rafrænna reikninga, þ.e. SPAN-reikninga (frá Orkuveitu og Vodafone), hefur verið til endurskoðunar. Send er mánaðarleg Agresso-skýrsla til ábyrgðaraðila rýningar úti á sviðum.

„Sjálfvirkar“ afstemmingar lánardrottna

Ákveðið fyrirkomulag er komið á varðandi afstemmingar á stórum birgjum og einstökum lyklum (1430, 1230, 2212), OR Span, Vodafone Span, P-merkingar og afstemmingar IK. Á fundi IE með fulltrúum FMS þann 20. janúar sl. kom fram að þeir telja sig vera búna að ná utan um stærstu og mikilvægustu lánardrottna með mikilli vinnu sem lýst hefur verið hér að framan. Jafnframt sé nú unnið að nokkurs konar „sjálfvirkri afstemmingu“ birgja til þess að auðvelda þessa vinnu framvegis. Nánar verður fjallað um notagildi þessar aðferðar hér á eftir.

Varðandi ákveðna flokkun lánardrottna er ekki búið að setja niður ákveðna flokka lánardrottna aðra en þá sem nú þegar eru til í Agresso-kerfinu og nánar verður vikið að hér á eftir. Ýmsar hugmyndir hafa verið reifaðar og ræddar en eru ekki orðnar fullmótaðar.

Tvíborganir — er búið að stemma stigu við þeim?

Nokkuð hefur verið um tvígreiðslur. Á því hefur verið tekið með tvennum hætti:

- Með því að banna greiðslur nema gegn framvísun frumrits (nema að undangenginni ítarlegri skoðun) og
- Með því að láta Agresso vara við þegar sama reikningsnúmer kemur upp tvisvar.

Einnig hafa menn verið mjög vakandi fyrir því ef mjög gamalt frumrit dúkkar upp. Þetta hefur gefið góða raun og telur deildarstjóri bókhalds tvígreiðslur nánast úr sögunni. Mannabreytingar hafa verið litlar undanfarið ár hjá bókhaldinu sem hjálpar einnig mikið.

Með uppfærslu Agresso útgáfu 5.5 var sett upp vörn gegn tvígreiðslu reikninga. Eldri mismunir sem komið hafa fram í afstemmingum hafa verið færðir út og dregnir frá greiðslum á árinu 2009 skv. upplýsingum deildarstjóra bókhalds. (sjá umfjöllun um debetstöður í rýningu IE).

Aukið eftirlit með kreditreikningum

Sett hefur verið upp ferli endursendra reikninga sem tryggir að kallað sé eftir kreditreikningum eða leiðréttingu vegna rangra reikninga. Rangur reikningur situr inni á ábyrgðarmanni þar til að kreditreikningur berst og eru þá báðir reikningarnir samþykktir samtímis af ábyrgðarmanni.

² Vinnuskjalið frá FMS.

2. Rýning Innri endurskoðunar

Flokkun lánardrottna

Í Agresso er sameiginleg birgjaskrá fyrir Aðalsjóð, Bílastæðasjóð, Eignasjóð, Skíðasvæðin og Austurhöfn TR. Samtals er um að ræða 17–18 þúsund birgja. Innifalið í þeirri tölu eru m.a. starfsmenn sem fá endurgreiddan kostnað, fjárhagsaðstoðarbirgjar, þeir sem fá húsaleigubætur og ýmsir aðrir aðilar sem fá styrki og framlög. Hafa þarf í huga að ekki eru hreyfingar á öllum þessum birgjum og því eru virkir³ birgjar mun færri. Giska má á að þeir séu á bilinu 10–12 þúsund. Neðangreind tafla sýnir niðurstöðu fyrirspurnar í viðskiptaskuldum um fjölda birgja sem stofnaðir hafa verið í Agresso-kerfinu.

Flokknúmer(T)	Fjöldi í flokk	Birgjaflokkur(T)
1 Total	14.670	Almennir birgjar
2 Total	78	Borgarstofnanir
20 Total	631	Erlendir birgjar
3 Total	4	Borgarfyrirtæki A hluti
4 Total	6	Borgarfyrirtæki B hluti
5 Total	7	Borgarfyrirtæki B hluti, samlög ofl.
8 Total	2.414	Starfsmenn
9 Total	1	Sérstakir lánadrottnar
	17.811	

Að mati IE mætti vinna mun ítarlegri flokkun út frá núverandi flokkun birgja í Agresso. Einnig þarf að huga að því að viðhalda núvarandi birgjaflokkun en á því virðist vera nokkur misbrestur. T.d. felur birgjaflokkur 9 hér að ofan aðeins í sér einn birgja; Vélamiðstöð ehf. (var borgarfyrirtæki en er núna sjálfstætt fyrirtæki) en ætti skv. núgildandi flokkun að vera almennur birgi.

Taka þarf afstöðu til þess hvaða birgja er ástæða til að fylgjast með reglubundið og nýta flokkunarmöguleika í Agresso til þess að halda utan um þá. Er ástæða til að setja birgja í sérstakan birgjaflokk sbr. notendur fjárhagsaðstoðar, dagmæður, foreldra með þjónustutryggingu og samningsbundna styrki, svo að dæmi sé tekið? Rýna mætti flokkunina með tilliti til hagræðis við uppgjör, einnig mætti flokka birgja niður eftir mikilvægi, hversu oft suma birgjaflokka þurfi að stemma af o.s.frv. Mikilvægt er einnig að fá sérfræðinga úr uppgjörsteymi með í þá vinnu að meta hvernig standa eigi að slíkri flokkun þar sem ákveðnir birgjar eru mikilvægari en aðrir í tengslum við uppgjörsvinnu, t.d. Ríkisbókhald, Fjársýsla ríkisins, Tollstjóraembættið og fleiri aðilar sem eru í miklum viðskiptum við Reykjavíkurborg.

Eigi flokkunin að ná tilætluðum árangri þarf að vera fyrir hendi skýr verkferill fyrir flokkunina, þar sem skráð er niður hvaða flokkar eru í notkun og ábyrgðaraðili sé til staðar fyrir stofnskrá birgja til að tryggja að hún sé alltaf sem réttust.⁴

„Sjálfvirk afstemming“

IE fékk til skoðunar vinnuskjal sem er afrakstur skýrslufyrirspurnar („sjálfvirk afstemming“) sem verið hefur í þróun hjá FMS í samstarfi við Agresso-sérfræðing sem vinnur að uppsetningu fyrirspurnarinnar í Agresso. Markmiðið með þessu hjálpartæki við afstemmingar er að finna á fljótlegan máta þá birgja sem eru með mismun sem þarfnast

³ Ekki er til skilgreining á því hvað teljist virkur birgi, en t.d. mætti skilgreina virkan birgja sem þann sem hreyfingar hafa verið á sl. tvö ár.

⁴ Athugasemd FMS: „Varðandi flokkun birgja höfum við ekki verið að einblína á það mál í þessum áfanga heldur að koma afstemmingum í heild af stað en höfum velt fyrir okkur frekari skiptingu eins og nefnd er í skýrslunni“.

nánari skoðunar. Eingöngu eru teknir með í reikninginn birgjar sem eru með stöðu aðra en núll í lok árs 2009. Hér að neðan má sjá hvaða upplýsingar skýrslan sýnir:

CLIENT	ACCOUNT	APAR_ID	COMP_REG_NO	APAR_NAME	APAR_GROUP	THJODSKRA	Staða í upphafi	Staða í lok	Greitt 2010	Staða núna
RK	2212	20864	7012974239	BSR ehf	1 Almenn F		ROUND(STADA_TADA_LO)	ROUND(S_TADA_LO)	ROUND(GR_EFTIR)	mismunur- staða 22/01
							-411.780	-90.144	-141.150	51.006

Eins og sést koma margvíslegar upplýsingar fram í skýrslunni, m.a. nafn og nr. birgja, birgjaflokkur, upplýsingar úr þjóðskrá (F=fyrirtæki, E= Einstaklingur o.s.frv.). Í síðustu fjórum dálkunum eru upplýsingar úr viðskiptaskuldum sem sýna stöðu í upphafi ársins 2009, stöðu í lok ársins 2009, Greitt 2010 (fram til dags. fyrirspurnar sem er 22. janúar 2010). Dálkurinn *mismunur* sýnir mismun á stöðu í lok árs 2009 og greitt í janúar 2010, sem á að sýna annars vegar þá birgja sem ganga út á núlli og hins vegar þá birgja sem eru með mismun sem þarfnast nánari skoðunar.

Samantekt á niðurstöðu fyrirspurnar á borð við þessa á Aðalsjóði fyrir árið 2009 má sjá í töflunni hér að neðan. Nettófjárhæð mismunar reyndist vera kr. 294.759.995 (miðað við stöðu 22 jan. 2010) og 1825 birgjar reyndust vera með núll í mismun eða 71% allra birgja til skoðunar:⁵

fjárhæð mism.	fj.birgja	skýring	% af fjölda birgja
0	1825	með núll í mismun	71%
4.242.321	106	með debetstöðu	4%
-299.002.316	623	með mismun sem þarf að kanna	24%
-294.759.995	2554		100%

ABC greining IE á þeim birgjum sem eru með kreditmismun sýnir eftirfarandi skiptingu:

623 birgjar				
skipting mism.	% mism.	skipting fjölda	% af heild	
-239.201.853	80%	69	11%	
-44.850.347	15%	134	22%	
-14.950.116	5%	420	67%	
-299.002.316	100%	623	100%	

Athygli verður að aðeins 69 birgjar hjá Aðalsjóði sem eru með kreditmismun standa á bak við 80% af heildarfjárhæð mismunar. Í greiningarskjali sem FMS hefur tekið saman eru 154 birgjar sem hafa verið valdir til reglubundinnar afstemmingar. Samanburður á milli niðurstöðu ofangreindrar fyrirspurnar og greiningarskjals FMS sýnir að nærri helmingur birgja (46%) sem fylla flokk þeirra sem eru með 80% mismunar, koma fyrir í báðum skjölum:

⁵ *Athugasemd FMS:* „Varðandi skýrsluna sem Snorri próaði og farið var gaumgæfilega yfir með Gísla, Andrési og Runólfi þá er í raun ekkert vit í að taka þá skýrslu fyrr en 10.-15. febrúar vegna afstemmingar 31.12.09. Við munum taka þá skýrslu 15. febrúar nk. og þá ættu allar stöður m.v. áramótin að vera gengnar út og það sem þá stendur úti munum við skoða sérstaklega“.

623 birgjar				skörun við greiningarskjal FMS	
skipting mism.	% mism.	skipting fjölda	% af heild	fjöldi sem skarast	hlutf. skörunar
-239.201.853	80%	69	11%	32	46%
-44.850.347	15%	134	22%	22	16%
-14.950.116	5%	420	67%	9	2%
-299.002.316	100%	623	100%	63	kreditstaða

Athugun IE á afstemmingarfyrirspurn leiddi því í ljós að fyrirspurnin nýtist prýðilega til að afmarka þá birgja sem þarfnast nánari skoðunar hverju sinni og er þannig mjög nytsamt hjálpartæki í afstemmingarvinnunni. Greinilegt er að birgjar með mismun skv. afstemmingarfyrirspurninni skarast að miklu leyti við þann hóp birgja sem nú þegar er fylgst náið með. Nota má fyrirspurnina til þess að uppfæra listann yfir þá birgja sem þarf að fylgjast reglubundið með og fá á fljótlegan hátt yfirsýn yfir þann hóp birgja. Með frekari þróun fyrirspurnarinnar má fækka enn frekar þeim birgjum með mismun sem þarfnast skoðunar, m.a. með því að sía út þær fjárhæðir sem eru greiddar í janúar vegna janúarreikninga og greiðslur v/ 2009 með eindaga fram í tímann þ.e. eftir dagsetningu fyrirspurnar. Einnig mætti velta fyrir sér hvort upplýsingar um t.d. færslutegund (TT) væri gagnleg viðbót.

Þetta hjálpartæki kemur hins vegar ekki alfarið í staðinn fyrir hefðbundnar afstemmingar. T.d. sést ekki hvort um tvígreiðslur geti verið að ræða. Það sést heldur ekki hvort reikningur (kredit eða debet) hefur glatast og aldrei verið skráður í bókhaldinu. Það er því mikilvægt að gera úrtaksprófun á birgjum til nánari skoðunar og senda yfirlit yfir hreyfingar á þeim til viðkomandi birgja til staðfestingar öðru hvoru jafnvel þótt þeir séu með núll í mismun skv. Agresso-upplýsingakerfinu. Meginniðurstaðan er samt sú að um gott hjálpartæki við afstemmingar sé að ræða og á þennan hátt fáið yfirsýn yfir stöðu alla stærstu og mikilvægustu lánardrottnanna sem auðveldi mjög forgangsriðun afstemmingarvinnunnar. Líta má á skýrsluna sem eftirlitstæki til að taka púlsinn á stöðunni eins og hún er á hverjum tíma.

Debetstöður

Í svari FMS til IE dags. 26. nóv. 2009 kom fram að farið hafi verið yfir debetstöður og notkun P-merkinga yfirfarin og gamlir mismunir/inneignir í P-merkingum og debetstöðu dregnir frá næstu greiðslum. Notkun P-merkinga eigi nú ekki að vera fyrir hendi⁶.

Til þess að kanna réttmæti þessarar staðhæfingar var ákveðið að kanna debetstöður 2009 skv. niðurstöðum skýrslufyrirspurnar í Agresso með því að bera þær saman við yfirlit frá ytri endurskoðendum vegna ársuppgjörs 2008 og þannig komast að því hvort mismunur hefði verið færður út.

*Við skoðun á debetstöðum kom eftirfarandi í ljós:*⁷

Samtals voru 106 birgjar með debetstöðu. Af þeim voru 48 birgjar með óbreytta stöðu frá yfirliti 2008, 16 birgjar eru ennþá P-merktir (og ganga þar af leiðandi ekki út), 9 voru með ofgreidda þjónustutryggingu, 8 birgjar voru með leiðréttingu frá árinu 2009, 14 voru með debetstöðu vegna kreditreikninga sem voru ófrágengnir, 5 gengu út í janúar 2010 og 6 birgjar voru með stöðu af ýmsum ástæðum.

⁶ Nema hjá Eignasjóði v/geymslufjár.

⁷ Athugasemd frá FMS: „Varðandi debetstöður þá höfum við notað upp inneignir jafnt og þétt á móti reikningum sem komið hafa frá aðilum. Sumir af þessum aðilum hafa ekki sent neinn reikning á árinu 2009. Hafi engin viðskipti verið þá höfum við rætt hvort senda eigi út greiðsluseðil fyrir þeim upphæðum en engin ákvörðun verið tekin“.

þörf virðist á að setja niður verklag um eftirfylgni og viðmið um með hvaða hætti eftirfylgni skuli vera. T.d. gætu umbætur í verklagi miðað við að um leið og debetstaða væri orðin þriggja mánaða eða eldri þurfi að fylgja skilgreindu verklagi.

Debetstöður	
Birgjar með óbreytta stöðu	48
P-merkingar	16
Ofgreidd þjónustutrygging	9
Ýmsar leiðréttingar á árinu 2009	8
Kreditreikningar	14
Gengur út á árinu 2010	5
Annað	6
Samtals birgjar	106

Birgjar með óbreytta stöðu⁸

Þessir 48 birgjar voru ýmist með alveg óbreytta eða lítið breytta stöðu frá áramótalista 2008. Ekki hefur verið farið í að hreinsa upp mismuninn þrátt fyrir að við ársuppgjör 2008 hafi flestallir þessir birgjar verið greindir og í athugasemdum frá þeim tíma kemur fram vegna hvers mismunurinn er. Því er ljóst að skortur er á eftirfylgni með athugasemdum í þessum tilvikum. Bæta þarf verklag hvað þetta varðar.

P-merkingar⁹

P-merktar færslur¹⁰ eru ennþá við lýði skv. niðurstöðum skoðunar IE. Ennþá eru 16 birgjar með P-merktar færslur sem þýðir að þær dragast ekki frá greiðslum í vélrænum greiðslutillögum gjaldkera. Þetta getur leitt til þess að inneignir dagi uppi. Skerpa þarf á verklagi hvað þetta varðar.

Ofgreidd þjónustutrygging¹¹

Ef um ofgreiðslu er að ræða hefur bakfærslan verið færð í runu um leið og verið er að greiða öðrum og það myndar debetstöðu á 2212. Hætta er á að gleymst geti að fylgja slíkum inneignum eftir. Í dag er vinnulag þannig að ofgreidd þjónustutrygging fer á lykil 2212. Þaðan er hún handvirkt bókun á 1420. Síðan er gerð viðskiptakrafa á 1230 með mótbókun á 1420. Átta af níu aðilum sem eru með debetstöðu vegna ofgreiddrar þjónustutryggingar eru með greiðslumátann CG sem þarf að athuga nánar. Ekki fengust skýringar á því hvort CG-merkingin hefur áhrif á greiðslutillögu. Huga þarf að verklagi varðandi ofgreiðslur. Bent er á að ef til vill væri heppilegra að færa ofgreiðslur í viðskiptakröfur 1230 sem fengju þá strax hefðbundna innheimtumeðferð.

⁸ Athugasemd frá FMS: „Varðandi óbreytta stöðu frá 2008 þá á enn eftir að taka nokkra aðila út sem á að afskrifa og var samþykkt á afskriftarfundi þ.a. þessi listi mun væntanlega styttest á næstu dögum (bókast inn á 2009)“. Ekki er búið að bóka afskriftina þegar skýrslan er skrifuð.

⁹ Athugasemd frá FMS: „P-merkingar eru flestar nýjar eða nýlegar vegna ákveðinna ástæðna. Almennar eru P-merkingar ekki notaðar nema í ES en undantekningar voru nú við uppgjör þegar reikningar frá ákv. aðilum (tölvubúnaður) voru samþykktir en P-merktir þar sem allur búnaður var ekki kominn og greiðslur ekki inntar af hendi nema skv. ákvörðun UTM. Eitthvað er um P-merkingar á listanum sem við munum fara yfir og skýra. Yfirferð yfir p-merkingar vegna uppgjors 31.12.2009 mun verða framkvæmd sérstaklega“.

¹⁰ P-merking er „fyrsting“ færslu þannig að hún kemur ekki fram í greiðslutillögu gjaldkera.

¹¹ Athugasemd frá FMS: „Ofgreidd þjónustutrygging er mál sem verið hefur í vinnslu allt árið 2009 í samráði við LSR. Nú við uppgjör 2009 eiga skv. upplýsingum frá LSR allar útistandandi ofgreiðslur að vera komnar í innheimtufurli. Þegar byrjað var með þjónustutrygginguna fóru þau mál algjörlega úr böndunum og við höfum verið að ganga fast eftir að þau yrðu sett í réttan innheimtufarveg. Höfum við átt nokkra fundi með LSR á árinu 2009 og fyrir nokkru fékk ég póst frá LSR um að allt væri frágengið og verklag orðið skýrt“.

Ýmsar leiðréttingar á árinu 2009

Leiðréttingar eru af ýmsum toga. Ekki var farið nákvæmlega ofan í allar leiðréttingar. Þarna eru m.a. bókaðar leiðréttingar vegna greiðslu til rangs birgja. Dæmi eru um að leiðréttingar séu tilkomnar vegna þess að verið er að leiðrétta gamla mismuninn og leiðrétt á kennitölur sem ekki eru lengur í rekstri. Til dæmis er gerð leiðrétting 2009 vegna ársins 2006 á kennitölu fyrirtækis (Osta- og smjörsalan) sem hefur sameinast öðru fyrirtæki og er ekki lengur í rekstri. Mismunurinn mun því ekki ganga út. Þegar verið er að leiðrétta svona gamla mismuni þarf að huga að verklagi, og m.a. kanna hvort Reykjavíkurborg sé í reglubundnum viðskiptum eða viðskipti við fyrirtækið ekki lengur fyrir hendi.

Kreditreikningar

Við bókun á kreditreikningum og/eða tvígreiðslum þarf að gæta að því hvort Reykjavíkurborg sé í reglubundnum viðskiptum við viðkomandi birgja eða ekki. Ef ekki þarf að bæta eftirfylgni. Hver ber t.d. ábyrgð á að innheimta kreditstöðu? Lagfæra þarf greiðslutillögur og gera þær sjálfvirkar til þess að gjaldkerar þurfi ekki að bera handvirkt saman allar kreditstöður saman við greiðslutillögur. Sem dæmi má nefna að þegar greiðslutillaga var gerð 18.12.2009 þá fór kreditreikningur frá Saga Film að fjárhæð kr. 21.370 fram hjá greiðslutillögunni þegar greiddur var reikningur að fjárhæð kr. 87.400.

Gengur út á árinu 2010

Við yfirferð á listanum um áramót kom í ljós að 5 debetstöður höfðu gengið út í lok janúar.

Annað

Dæmi fannst um að debetstaða myndaðist vegna þess að bókunarblaði var ekki fylgt (*fskj. 17203720*) og að bókunarblað hafi verið ranglega bókað. Undir *Annað* voru einnig flokkaðir birgjar eins og t.d. GPI ehf. og Og fjarskipti en komið hefur fram að verið sé að skoða þá sérstaklega hjá FMS.

Virðingarfyllst



Hallur Símonarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar